

Ávarp

flutt við hátíðlega athöfn í Actavis hf. 18. okt. 2007 vegna afhendingu viðurkenningar fyrir „Lofsvert lagnaverk 2006“

Jón Gunnar Jónsson, framkvæmdastjóri Actavis á Íslandi

„Við höfum lagt mikinn metnað í uppbyggingu Actavis hér í Hafnarfirði og lagt áherslu á að vanda til verka í þessu eins og öllum öðrum þáttum sem snúa að lyfjaframleiðslunni. Þeir sem vinna fyrir okkur vita að við gerum kröfur og það birtist meðal annars í þessum verðlaunum hér í dag.

Það er lögð mikil áhersla á gæðamál hjá Actavis. Það hefur ítrekað verið staðfest í úttektum viðskiptavina og opinberra aðila því umsögnin hefur undantekningarlaust verið sú að þessir hlutir séu til fyrirmyndar.“



Jón Gunnar Jónsson

Ávarp

flutt við hátíðlega athöfn í Actavis hf. 18. okt. 2007 vegna afhendingu viðurkenningar fyrir „Lofsvert lagnaverk 2006“

Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra

Guðlaugur ávarpaði veislugesti og sagðist ekki hafa vitað hvað Lagnafélag Íslands væri, fyrr en hann fór að kynna sér starfsemi félagsins. Hann vitnaði í grein eftir Guðmund Hjálmarsson, þar segir. „Haustið 1986 komu saman nokkrir góðir menn, hönnuðir, iðnaðarmenn, verkfræðingar, tæknifræðingar, pípulagningamenn og blikksmiðir og stofnuðu Lagnafélag Íslands“.

Megin markmið með stofnunni var að leiða saman mismunandi hópa sem væru með mismunandi viðhorf og sýn á lögnum og framkvæmdum á lagnasviði. Hér áður fyrr var það hrein tilviljun að lagnir og lagnakerfi í byggingum væru hönnuð.

Iðnaðarmaðurinn spann kerfið eftir bestu getu og hyggjuviti á byggingarstaðnum. Það þótti undur og stórvirki, sérstakt, ef verkkaupi réð verkfræðing til þess að hanna lagnirnar“.

Guðlaugur sló á léttu strengi og óskaði viðurkenningarhöfum til hamingju og afhenti viðurkenningarskjölin.



Guðlaugur Þór Þórðarson

Ávarp

flutt við hátíðlega athöfn í Actavis hf. 18. okt. 2007 vegna afhendingu viðurkenningar fyrir „Lofsvert lagnaverk 2006“, í húsakynnum Actavis hf. 18. október 2007

Dr. Björn Karlsson, brunamálastjóri og formaður Lagnafélags Íslands



Björn Karlsson

Þróun í byggingariðnaði hefur verið ákaflega hröð undanfarna áratugi og sífellt rísa stærri og flóknari byggingar. Nýjar hönnunaraðferðir, byggingaraðferðir og notkunn nýrra byggingarefna hafa gert hönnun lagnakerfa að mun flóknara viðfangsefni en áður var. Samtímis hafa framfarir í ýmskonar tæknigreinum, ekki minnst tölvutækni, aukið möguleika kerfanna og um leið flækjustig þeirra mjög mikið.

Til að tryggja gæði lagnakerfa í stórum og flóknum byggingum er nauðsynlegt að hönnuður sé fagmaður og vel upplýstur um þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar hönnunar. Sömu kröfur gilda einnig um þann aðila sem fer yfir hönnunina og tryggir gæði hennar. Eins er mikilvægt að framkvæmdaraðilinn og þeir iðnaðarmenn sem vinna verkið séu góðir fagmenn og að eftirlit með framkvæmd verksins sé virkt. Loks verður að tryggja að rekstur hinna ýmsu kerfa, og eftirlit með þeim rekstri, sé viðunandi.

Til að tryggja gæði í hönnun og framkvæmd, og til að tryggja eðlilega virkni kerfanna og viðhald með rekstri þeirra, er algerlega nauðsynlegt að til sé mjög greinargóð og stöðluð lýsing á lagnakerfinu í hverju húsi fyrir sig. Á þessu sviði hefur Lagnafélag Íslands unnið ákaflega mikilvægt og gott starf með því að gefa út „Handbók Lagnakerfa“, en í þeirri bók er því lýst hvernig skrá skuli allar upplýsingar um hönnun, eftirlit og viðhald lagnakerfa. Þegar slíkar upplýsingar liggja fyrir, á stöðluðu formi, auðveldast til muna öll sú vinna sem fer í að sannreina hönnunina, að framkvæma verkið samkvæmt hönnun, að hafa eftirlit með framkvæmdinni og sjá til þess að kerfunum sé haldið við á réttan hátt.

Lagnafélag Íslands á einnig miklar þakkir skildar fyrir það að veita hina árlegu viðurkenningu „Lofsvert lagnaverk“. Slík viðurkenning til hönnuða, iðnaðarmanna og framkvæmdaðila er öllum þeim sem vinna á sviði lagnamála mikil hvatning í starfi og eykur með því móti gæði lagnakerfa á Íslandi til lengri tíma litið.

Ég vil fá að færa Kristjáni Ottóssyni og þeim öllum sem starfað hafa með honum að viðurkenningunni „Lofsvert lagnaverk“ og „Handbók Lagnakerfa“ bestu þakkir fyrir ómetanlegt starf í þágu lagnamála.

„Lofsvert lagnaverk árið 2006“

Dr. Valdimar K. Jónsson formaður Viðurkenningarnefndar Lagnafélags Íslands ávarpar gesti við hátíðlega athöfn 18. okt. 2007 í Actavis hf.

Lagnafélag Íslands hóf að veita viðurkenningu fyrir lofsverð lagnaverk fyrir 16 árum. Tilgangur viðurkenninganna er að efla gæðavitund þeirra aðila sem starfa á þessum vettvangi, efla þróun í lagnamálum með bættum vinnubrögðum, vali á lagnaleiðum og lagnaefnum. Síðast en ekki síst er viðurkenningunum ætlað að vera hönnuðum og iðnaðarmönnum hvatning til að afla sér aukinnar menntunar á sviði lagnamála.


Viðurkenningarnefndin er skipuð fjórum mönnum. Þeir eru Valdimar K. Jónsson, vélaverkfræðingur, formaður nefndarinnar, Ólafur Bjarnason, blikksmíðameistari, Stefán Jónsson, pípulagningarmeistari og Kristján Nielsen, rafvirki. Ritari nefndarinnar er Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri Lagnafélags Íslands.



Valdimar K. Jónsson

Fyrir árið 2006 veitir félagið viðurkenningu fyrir heildarverk.

Það sem nefndin leggur áherslu á við mat á loftræsti- og hitakerfum, er að lýsing liggja fyrir á samvirkni tækja og tækjalisti sé skráður. Einnig að skýrsla verktaka liggja fyrir um stillingu tækja og almenna úttekt á þeim eins og lýst er í Handbók lagnakerfa nr 29.



Nýtt rannsóknarhús Actavis, Reykjavíkurvegi 80 í Hafnarfirði varð að þessu sinni fyrir valinu hjá viðurkenningarnefnd Lagnafélags Íslands og hlýtur viðurkenningu fyrir lofsvert lagnaverk árið 2006. Öll gerð og frágangur lagnakerfa - og loftræstikerfa í nýju rannsóknarhúsi Actavis er til mikillar fyrirmyndar. Sérstaka athygli vekur fyrirkomulag tæknirýma þar sem séð er fyrir góðu aðgengi að tækjum og búnaði á öllum hæðum hússins, handverk iðnaðarmanna er allt til fyrirmyndar og má þar sérstaklega nefna pípulagnir. Lagnakerfi rannsóknarhússins eru allflókin enda um krefjandi starfsemi að ræða. Loftræstikerfið er með umfangsmiklum svæðaskiptum álagsstýringum og einnig má

nefna að það nýtir varma frá kælikerfi hússins til upphitunar fersklofts. Auk hefðbundinna húskerfa eru í byggingunni nokkur lagnakerfi er þjóna sérhæfðum tækjabúnaði á rannsóknarstofum.

Húsið var tekið í notkun haustið 2006 og hafði undirbúningur og byggingu þess staðið í á þriðja ár. Húsið stendur við hlið eldra rannsóknarhúss og mynda byggingarnar eina heild fyrir rannsóknarstarfsseminna.

Eftirlidir aðilar hljóta viðurkenningu Lagnafélags Íslands fyrir lofsvert lagnaverk í rannsóknarhúsi Actavis hf. árið 2006:

- **Lagnatækni ehf,** fyrir hönnun lagna- og loftræstikerfa, faglegt eftirlit, gangsetningu og stillingar.
- **Blikksmiðja Einars ehf,** fyrir smíði loftræstikerfis
- **Björn Ólafsson ehf,** fyrir smíði pípulagna
- **Vélsmiðja Þorgeirs,** fyrir smíði gaslagna
- **Rafteikning** fyrir hönnun stjórnkerfis
- **Rafloft ehf,** fyrir smíði stjórnkerfis
- **Úti og inni sf Arkitektar,** fyrir samvinnu við gerð lagna- og loftræstikerfa
- **Actavis,** fyrir vönduð lagna- og loftræstikerfi í rannsóknarhúsi að Reykjavíkurvegi 80



Lagnafélags Íslands veitir einnig sérstaka viðurkenningu fyrir gott handverk

Það hlaut að þessu sinni Ólafur Vilhjálmsson rafvirki, hann starfar hjá Hitastýringu hf.

Ólafur hlaut viðurkenninguna fyrir gott handverk við smíði á rafmagns-stjórnstýringu í töfluskáp og tengingu við hann í húsi Landsbankans að Vínlandsleið 1 Reykjavík.

Þá var tveim heiðurmönnum veitt viðurkenning fyrir gott ævistarf að lagnamálum.

Gunnlaugi Pálsyni verkfræðing og Helga Jasonarsyni pípulagningameistara.

Myndir úr hófinu hjá Actavis hf. 18. okt. 2007



Veislugestir hlýða á ráðherra



Guðlaugur ráðherra flytur ávarp



Veisluborðið hlafið kræsingum



Hlustað með athygli



Menn nutu þess sem þeir sáu að vel var gert



Jón Gunnar tekur við viðurkenningunni úr hendi ráðherra

Myndir úr hófinu hjá Actavis hf. 18. október 2007



Talið frá vinstri: Jón Gunnar Jónsson framkvæmdastjóri Actavis á Íslandi, Jón Þór Þorvaldsson arkitekt Úti og Inni, Þorgeir Gunnlaugsson vélfræðingur Vélsmíðju Þorgeirs, Guðmundur H. Jóhannsson framkvæmdastjóri Raflofts, Viðar Einarsson blikksmiðameistari Blikksmiðju Einars, Björn Ólafsson pípulagningameistari, Gunnar Ingi Gunnarsson framkvæmdastjóri Rafteikningar, Friðrik S. Kristinsson byggingatækni-fræðingur Lagnatækni og Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra.



Fv. Þorsteinn Egilson eignadeild Landsbanka Íslands, Ólafur Vilhjálmsson rafvirki og Guðlaugur Þór Þórðarson ráðherra



Helgi Jasonarson pípulagningameistari Guðlaugur Þór ráðherra og Gunnlaugur Pálsson verkfræðingur.

Myndir frá stjórnskáp í Landsbankanum



Lagnafélags Íslands veitir sérstaka viðurkenningu fyrir gott handverk

Hana hlaut að þessu sinni Ólafur Vilhjálmsson rafvirki, hann starfar hjá Hitastýringu hf.

Ólafur hlýtur viðurkenninguna fyrir gott handverk við smíði á rafmagnsstjórnstýringu í stjórnskáp og tengingu við hann í húsi Landsbankans að Vínlandsleið 1 í Reykjavík.

Heiðursmanna viðurkenning

Gunnlaugur Pálsson verkfræðingur var sæmdur viðurkenningarskjali Lagnafélags Íslands og silfurmerki félagsins, við hátíðlega athöfn þann 18. október 2007

Gunnlaugur Pálsson verkfræðingur er fæddur 19. júní 1932 í Reykjavík.

Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1950. Prófi í vélaverkfræði frá Chalmers Tekniska Högskola í Gautaborg 1956.

Starfaði sem verkfræðingur hjá Svenska Turbin Aktiebolaget Ljungström í Norrköping í Svíþjóð 1956 til 1959.

Þegar heim var komið starfaði hann sem verkfræðingur við hönnun hjá Einarsson & Pálsson frá 1959 til 1969.

Gunnlaugur starfaði jafnframt sem framkvæmdastjóri Varma hf. sem hann stofnaði ásamt fleirum 1963, með markmið að versla með tæki til loftræstikerfa.

Gunnlaugur eignaðist einn Varma hf. árið 1969, sem hefur verið í hans eigu síðan. Ásamt rekstri fyrirtækisins vann hann við hönnun lagnakerfa allt til ársins 1984.

Gunnlaugur verslaði með Honeywell vörur allt til ársins 1979 og veitti iðnaðarmönnum og öðrum ráðgjöf og aðstoðaði þá við tæknilegan frágang stjórnækjanna, eins og þekkt er.

Árið 1979 hóf Gunnlaugur að flytja inn STAEFA vörur, sem eru stjórnækki í mjög viðum skilningi, bæði fyrir hita- og loftræstikerfi, kælikerfi og fl. Þá hætti hann jafnframt að versla með Honeywell vörur. STAEFA stjórnækki eru nú seld undir nafninu Siemens.

Gunnlaugur hefur verið í fararbroddi á innflutningi stýri- og stjórnækja fyrir hita- og loftræstikerfi, sem og tækja og búnaðar fyrir loftræsti – hita – og kælikerfi.

Gunnlaugur er kvæntur Ingibjörgu Guðmundsdóttir og eiga þau tvær dætur og einn son, sem hefur starfað hjá Varma hf. frá árinu 1989.



Gunnlaugur Pálsson

Heiðursmanna viðurkenning

Helgi Jasonarson pípulagningameistari var sæmdur viðurkenningarskjali Lagnafélags Íslands og silfurmerki félagsins, við hátíðlega athöfn þann 18. október 2007

Helgi Jasonarson pípulagningameistari er fæddur 9. desember 1921 í Vorsabæ Gaulverjabæjarhreppi.

Að loknu grunnskólanámi árið 1935 stundaði Helgi almenna verka-
mannavinnu í sveitinni heima. Þar næst lá leiðin í iðnnám og valdi
hann iðnnám í pípulögnum hjá Jóhanni Valdimarssyni pípu-
lagningameistara.

Helgi lauk námi frá lðnskólanum í Reykjavík árið 1948, og lauk
sveinsprófi í pípulögnum í apríl 1950. Helgi hlaut meistarabréf í
pípulögnum 17. apríl 1953. Á námsárunum vann Helgi við lagningu
Hitaveitu Reykjavíkur á Melunum í Vesturbænum og vann við það
þegar hitaveituframkvæmdum þar lauk.

Helgi var meðal 7 iðn- og tæknimanna frá Íslandi sem var boðið af
bandarískum stjórnvöldum árið 1954 til faglegrar endurmenntunar,
verk- og verkefnisstjórnunarnáms í Bandaríkjunum. Fór þjálfun fram víða í Bandaríkjunum.

Magnús Eyjólfsson var vinnufélagi Helga á námsárunum og stofnuðu þeir saman fyrirtækið Helgi og
Magnús sf. árið 1966, og störfuðu báðið við það til starfsloka árið 1990.

Helgi útskrifaði sjö nema í pípulögnum. Helgi varð einn af eigendum Vatnsvirkjans hf. og var á tíma-
bili stjórnarformaður og framkvæmdastjóri og starfaði þar lengi. Vatnsvirkjamenn voru brautryðjendur í
innflutningi á plaströrum til notkunar í holræsakerfum, eirrörum og röraupphengjum.

Helgi var formaður stjórnar Félags Vatnsvirkja hf. sem annaðist alla vinnu við pípu-
lagningaframkvæmdir og slökkvivatnskerfi innan Keflavíkurflugvallar í um 30 ár. Helgi var heppinn í
pípulagnastarfinu og var fyrstur til að vera með tryggingar í góðu lagi. Stærsta verkefni sem Helgi vann
að var Höfðabakki 9 Reykjavík.

Helgi sat í stjórn Félags pípulagnameistara í 9 ár og einnig sat hann í Sáttanefnd félagsins.
Helgi er heiðursfélagi í Félagi pípulagningameistara.

Helgi var kvæntur Sigurbjörgu Áslaugu Sigurgeirsdóttur, sem nú er látin og eignuðust þau einn son og
eina dóttur.



Helgi Jasonarson

Ávarp

Sæbjörn Kristjánsson tæknifræðingur ávarpar gesti við hátíðlega athöfn 18. okt. 2007 í Actavis hf

Heilbrigðisráðherra, stjórn og framámenn í Lagnafélagi Íslands, gestir og starfsmenn Actavis.

Ég er mættur hér fyrir hönd þeirra sem nú hafa tekið við viðurkenningum um lofsvert lagnaverk.

Fyrst af öllu viljum við þakka Lagnafélagi Íslands og ekki síst Viðurkenningsarnefnd félagsins fyrir þann heiður sem okkur er sýndur hér í dag.

Það er gott að fá smá hrós – það lyftir mönnum aðeins upp og er góð hvatning. Kærar þakkir.

Þessi hópur sem fær viðurkenningar fyrir lofsvert lagnaverk í dag er dálítið sérstakur hópur — þannig að mig langar til að segja ykkur aðeins frá honum. Kannski ekki síst vegna þess að í þau rúmlega þrjátíu ár sem ég hef unnið að lagnamálum man ég ekki eftir jafn traustu og góðu samstarfi og viðgengst innan þessa hóps.

Í hópnum tölum við stundum um „Delta gengið“ en það er í grunninn hópur iðnaðarmanna sem unnið hafa lengi saman, og við sem erum ekki alveg eins gamlir í hettunni viljum gjarnan fá að „tilheyra“.

Við viljum státa okkur af því að þessi hópur hafi djúpar og gamlar rætur, þó þær séu að vísu mis djúpar.

Í hópnum skal fyrstan nefna Björn Ólafsson, pípulagningameistara, sem hefur unnið fyrir“ þetta fyrirtæki“ í ein 40 ár. Hann byrjaði að vinna fyrir Pharmaco 1967, síðan kom Delta og nú er það Actavis.

Aðrir í hópnum hafa ekki unnið svona lengi fyrir fyrirtækið en blikksmiðir og rafvirkjar hafa verið lengur en t.d. ég sem tengdist þessum hóp fyrir 12 árum.

Allt snýst þetta um störf fyrir Actavis og forvera þess og það er alveg ljóst að það fyrirtæki á stóran þátt í því hversu vel hefur til tekist með öll þessi störf.

Forráðamenn fyrirtækisins hafa jafnan gert sér grein fyrir því að það borgar sig, og er jafnframt alveg nauðsynlegt, að vanda til verka og þess vegna hafa þeir jafnan stutt og kunnað að meta vönduð vinnubrögð. Þar má segja að tónninn sé gefinn.

Kröfur um allan aðbúnað í lyfjaiðnaði eru strangar og það sem meira er, þeim er fylgt eftir og engin afsláttur veittur. Þessar ströngu kröfur hafa agað öll vinnubrögð við undirbúning og hönnun verka og ekki síður við smíði og alla framkvæmd. Það er við þessar aðstæður sem þessi hópur hefur þjálfast og slípast saman, í samvinnu um að skila góðum verkum.



Sæbjörn Kristjánsson

Actavis hefur síðan nýtt sér þessa þekkingu sem hér hefur byggst upp við uppbyggingu fyrirtækisins erlendis, og hefur hluti þessa hóps unnið þar að gerð margskonar lagna- og loftræstikerfa. Stærst þeirra verkefna er á Möltu en þar höfum við verið að í 6 ár. Menn hafa einnig komið að verkum í Búlgaríu og ráðgjöf hefur verið veitt við uppbyggingu Actavis á fleiri stöðum s.s. á Indlandi og í Serbíu.

Að lokum leyfi ég mér að segja að þeir sem hafa ánægju af því að skoða gott handverk í lagnageiranum og sjá glæsilega byggingu í leiðinni — þeir ættu að taka þátt í vettvangsskoðun sem boðið verður upp á hér á eftir.

Við munum þá fylgja hópum í gegnum rannsóknarhúsið og sýna það helsta sem snýr að lagnapættinum.

Styrktarlínur

Reykjavík

Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164,

Verkfræðistofan Víðsjá ehf, Skólavörðustíg 3,

Kópavogur

Alur blikksmiðja ehf, Smiðjuvegi 58

Ágúst Birgisson ehf., Bæjarlind 14

Bergnes ehf., Smiðjuvegi 4

Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf.,

Hamraborg 11

Hafnarfjörður

Heimir og Jens ehf., Birkibergi 14

Tækniþjónusta Sig. Þorleifssonar., Starnögötu 11

Reykjanesbær

Pípulagnir Benna Jóns ehf, Njarðarbraut 3d

Höfn í Hornafirði

Króm og hvítt ehf., Álaleiru 7